

1857.  
21. marz. auglýsingar fyrir sýslumanni Briem, að þaræð hann hefir lýst því yfir, að hann ekki hefði nokkuð ámoti því, má fyrst um sinn í þessu efni fara eptir uppástungu herra amtmannsins; en fari nú svo, að þessu ekki verði komið við, sökum þess að enginn á verzlunarstaðnum Akureyri sè til þessa hæfur, þá skal framvegis fyrst um sinn haga lögreglugæzlunni á Akureyri á sama hátt og á hinum tveim síðustu undanfögnu árum.

31. marz. **7. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi um meðalasölu „homöopatha“.**

Eins og herra stiptamtmaðurinn mun komast að raun um af viðlögðu eptirriti af bræfi landlæknis Dr. Hjaltalíns, hefir embættismaður þessi, einkum í tilefni af skýrslum þeim frá læknum í norður- og austur-umdæmunum, sem til hans hafa verið sendar, og svo í tilefni af umkvörtunum lyfsölumannanna í Reykjavík og á Akureyri, kvartað yfir því, hversu skottulækningar homöopatha fari í vöxt í tæðum umdæmum; auk þessa hefir hann kvartað yfir ólögmati meðalasölu homöopatha, sem þessu sè samfara, eins og einnig yfir því, að amtmaðurinn í tæðum umdæmum á að gizka ekki hafi veitt sèr nægilega aðstoð í þessu máli. Hann hefir þarhjá skýrt frá, að ekki sè sèr hægt að fullnægja þeirri skipun dómsmálastjórnarinnar í bræfi 19. júlí f. á., að hann sjálfur færi norður til þess að rannsaka meðöl homöopatha, og að þesskonar rannsókn ekki geti átt sèr stað þar nyrðra, sökum þess að vanti áhöld sem til þess þurfi, og hefir hann því beðizt þess, ef móti von hans framvegis eigi að líða homöopöthum skottulækningar þar í landi, og ef þeir, eins og til þessa, eigi að hafa rætt til tálmunarlaust að kaupa meðöl sín í Danmörku eða útlöndum, að þá yrði gjört þeim að skyldu að sýna landlækninum í Reykjavík meðöl þessi, og væri þá sjálfsagt að hann ætti rætt á að rannsaka þau.

Eptir ósk landlæknisins í niðurlagi bréfs hans, hefir heilbrigðisráðinu verið gefinn kostur á að segja álit sitt um málið, og eg skal því þenustusamlega biðja herra stiptamtmanninn að skýra landlækni Hjaltalín frá, að þar læknaSKIPUN á Íslandi nú sem stendur er ábótavant, en íslenzkir dómendur sökum þessa, eru hneigðir til að vægja þeim, sem dregnir eru fyrir dóm fyrir skottulækningar, hefir stjórnarráðið álitíð, að árángurslaust mundi vera að höfða mál móti þeim, nema sannað yrði, að tjón hefði hlotizt af, eða að lífi og heilsu manna hafi verið hætta búin; en þar sem hann hefir beðizt þess, að meðöl homöopatha almennt væru gjörð upptæk, þá getur þessu ekki orðið framkvæmt, nema áður hafi þau verið skoðuð, en ekki hefir stjórnarráðið með þessu hvorki viljað fullgilda skottulækningar homöopatha, nè álíta löglegt, að meðöl þeirra sè höfð á boðstólum af þeim, sem ekki með eiga.

Amtmanninum í norður- og austur-umdæmunum var því skipað, að hafa gætur á lækningum homöopatha og höfða mál móti þeim í hættulegum tilfellum, en um leið þótti stjórnarráðinu ástæða til að krefjast þess af landlækninum, að hann tæki sèr ferð á hendur norður, til þess, samkvæmt reglugjörðinni 25. febrúar 1824 gr. 18, að skoða meðöl homöopatha, sem, eptir því sem hann skýrði frá, væri höfð á boðstólum af þeim sem ekki ætti með það; en ekki áleit stjórnarráðið að meira yrði að gjört, eptir því sem ástatt var. Eptir því sem landlæknirinn nú skýrir frá, mun það að vísu töluverðum vandkvæðum bundið, að skoða meðölin þar sem lækningaraðferð homöopatha er í frammi höfð. — Ótta þann, sem Dr. Hjaltalín hefir látið í ljósi fyrir því, að Havsteinn amtmáður yrði þessu mótfallinn, verða menn á hinn bóginn að álíta á engum rökum bygðan, þar amtmáður sjálfur í bræfi 11. júní f. á. hefir stungið uppá því, að rannsókn þessi væri gjörð af landlækninum, en þar sem Dr. Hjaltalín hefir stungið uppá því, að rannsóknin væri gjörð á þann hátt, að gjört væri homöopathum þeim, sem fást við skottulækningar, að skyldu að senda meðöl þeirra land-

1857.  
31. marz.

lækninum suður í Reykjavík, þá þykir ísjárvert að fallast á uppástúngu þessa, sumpart vegna þess, að með því væri viðurkennd heimild þeirra til að gegna lækna störfum, og sumpart vegna þess, að ekki væri hægt að gæta slíkrar skipunar. Því meðan öllum er leyft að útvega sér þvílík meðöl frá útlöndum til heimilis nauðsynja, getur það ekki komið til máls, að draga nokkurn mann fyrir dóm, einungis vegna þess að hann á þessháttar meðöl, heldur ef hann selur þau. Sönnun fyrir þessu mun samt ekki svo hæglega geta fengizt, því almennt munu hlutaðeigendur bera það fyrir, að þeir hafi látið meðölin af hendi kauplaust, og mun sá sem hefir tekið við þeim optast samsinna því.

Sè aptur á móti vissar sönnur fyrir því, að þvílík meðöl hafi verið seld af þeim, sem ekki hafa átt með það, þá má brúka aðferð þá sem skipuð er fyrir í embættisreglugjörð landlæknis 25. febrúar 1824 gr. 18. og í embættisreglugjörð héraðslækna s. d. gr. 17, og mætti þá í þessum sérstöku tilfellum heimta, að meðölin væri send landlækni til skoðunar, eða þá, ef minni örðugleikar væri á, hínagað til Kaupmannahafnar. Að öðru leyti er það sjálfsagt, að hlutaðeiganda lyfsölumanni er í sjálfs vald sett, að höfða mál móti þeim fyrir það þeir hafi veitt honum yfirgáng í atvinnuvegi hans.